



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Nýliðunarsjóður Háskóla Íslands 2021

(English below)

Háskóli Íslands auglýsir allt að 7 nýdoktorastyrki sem ætlaðir eru þeim sem hafa lokið doktorsprófi á síðastliðnum sjö árum (janúar 2015 og síðar) og þar með talin þau sem koma til með að ljúka doktorsprófi fyrir 1. júlí 2021. Tekið er tillit til veikinda og fæðingarorlofs við mat á tíma að loknu doktorsprófi. Styrkirnir verða veittir til allt að þriggja ára.

Sérstök úthlutunarnefnd skipuð af rektor annast mat, forgangsörðun umsókna og úthlutun. Við mat á umsóknum er fyrst og fremst farið eftir rannsóknaráætlun og ritvirkni umsækjanda, með tilliti til þess tíma sem liðinn er frá doktorsprófi. Við val á milli umsækjenda verður enn fremur litið til þarfa hvers fræðasviðs fyrir sig. Fræðasvið Háskóla Íslands eru Félagsvísindasvið, Heilbrigðisvísindasvið, Hugvísindasvið, Menntavísindasvið og Verkfræði- og náttúruvísindasvið.

Umsókninni skal fylgja i) almenn greinargerð um rannsóknarverkefni, ii) feril- og ritaskrá, iii) afrit af doktorsprófsskírteini eða staðfesting frá viðkomandi háskóla (frá leiðbeinanda og/eða viðeigandi háskóladeild) um að umsækjandi verji doktorsritgerð fyrir 1. júlí 2021, iv) staðfesting frá fræðasviði, deild eða stofnun við Háskóla Íslands um að umsækjandi muni njóta fullnægjandi aðstöðu og hafa aðgang að búnaði til að stunda fyrirhugaðar rannsóknir eftir því sem við á ([sjá sniðmát](#)). Öll innsend fylgigögn skulu vera í PDF formi.

Einnig er óskað eftir því að umsækjendur fái tvo fagaðila til þess að senda inn umsögn um gæði rannsókna umsækjenda og getu viðkomandi til að sinna fyrirhugaðri rannsókn. Æskilegt er að annar umsagnaraðilinn hafi tengst doktorsverkefni umsækjanda. Umsagnir berist í PDF formi á tölvupóstfangið sverrir@hi.is áður en umsóknarfrestur rennur út.

Umsóknarfrestur er til og með **2. desember 2020**. Miðað er við að styrkþegar hefji störf eigi síðar en í september 2021.

Öllum umsækjendum verður svarað og þeim tilkynnt um ráðstöfun styrkjanna þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af [jafnréttisáætlun háskólans](#).

Vakin er athygli á [málstefnu Háskóla Íslands](#).

Nánari upplýsingar, þ.á.m. um ofangreinda staðfestingu á aðstöðu, veitir Sverrir Guðmundsson, vísinda- og nýsköpunarsviði (sverrir@hi.is).

Umsóknum skal skilað rafrænt, umsóknareyðublað ásamt leiðbeiningum má nálgast [hér](#).



UNIVERSITY OF ICELAND

2021 UI Recruitment Fund

The University of Iceland announces up to 7 postdoctoral grants, awarded for up to three years. The grants are intended for researchers who have completed their PhD in the last seven years (January 2015 and later) including those who will graduate before July 1st 2021. Time spent on sick leave or parental leave is taken into account regarding the period since completing the PhD.

A special allocation committee appointed by rector will be responsible for evaluating and ranking applications and awarding the grants. Evaluation of applications shall be based first and foremost on the applicant's research proposal and research output, with consideration of the time elapsed since completing a PhD. Selection of applicants will also be based on the needs of individual schools. The schools at the University of Iceland are the School of Social Sciences, School of Health Sciences, School of Humanities, School of Education and School of Engineering and Natural Sciences.

Applications must include i) general research proposal, ii) CV and list of publications, iii) copy of PhD diploma or a letter from their university confirming upcoming doctoral thesis defense before July 1, 2021 (from supervisor and/or relevant faculty), iv) a statement of support from the University of Iceland school/faculty/institute confirming that the applicant will have access to the necessary facilities and equipment ([see template](#)). All supporting documents shall be in PDF format.

Applicants are also requested to arrange for two experts to submit a letter of reference on the quality of the applicant's research and his/hers ability to perform the proposed postdoctoral research. It is preferred that one of the reviewer was associated with the applicant's doctoral thesis. Letters of reference are to be emailed in PDF format directly to sverring@hi.is before the application deadline.

The application deadline is **December 2nd 2020**. Successful applicants should be able to start work no later than September 2021.

All applications will be answered and applicants will be notified of the decision when it has been made. Applications will be valid for six months from the end of the application deadline.

Salary will be in accordance with the wage agreement between the Minister of Finance and the relevant trade union.

Appointments at the University of Iceland take into account the [Equal Rights Policy](#).

Please also note the [University of Iceland Language Policy](#).

For further information, including directions for obtaining statements of support, please contact Sverrir Guðmundsson at the Division of Science and Innovation (sverring@hi.is).

Applications should be submitted online, the application form and instructions can be found [here](#).